

Alþingi 15.5.2015

Málsnr.: 1504019

Málalykill: 0349



Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

ATVINNUVEGA- OG  
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík  
sími: 545 9700 postur@anr.is  
anr.is

Reykjavík 13. maí 2015  
Tilv.: ANR15050128/4.0

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu).

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vísar til frumvarps til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið, nr. 34/1944, með síðari breytingum, á þingskjali 1159 í 685. máli sem nú er til umfjöllunar hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis.

Breytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu eru að mati ráðuneytisins jákvæðar.

Þó vill ráðuneytið koma því á framfæri við nefndina að ekki var haft samráð við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið við samningu frumvarpsins, þrátt fyrir að efni þess snerti málefnasvið ráðuneytisins, bæði hvað varðar landbúnaðarvörur og hugverkarréttindi á sviði iðnaðar.

Einnig telur ráðuneytið að við samningu frumvarpsins hafi ekki verið nægilega gætt að samspili upprunareglna fyrir matvæli m.a. samkvæmt reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda og við ákvæði laga nr. 130/2014 um vernd afurðarheita sem vísa til uppruna, landsvæðis og hefðbundinnar sérstöðu, en með lögnum er sett fram vernd fyrir heiti vöru sem hefur sérstaka tengingu við tiltekið landssvæði eða land eða byggir á hefðbundinni og sérstakri framleiðsluaðferð. Lögin eru í samræmi við reglur Evrópusambandsins.

Eðlilegt verður að teljast að við mat á því hvort vara telst íslensk að uppruna og er framleidd samkvæmt íslenskri hefð eins og frumvarpið mælir fyrir um, þá séu hafðar til hliðsjónar þær kröfur sem áður nefnd lög gera. Að mati ráðuneytisins eru skilyrði frumvarpsins afar matskennd og hugtakanotkun ónákvæm og ekki ljóst hverjir eiginleikar vörunnar þurfa að vera eins og t.d. „innlent hráefni að uppistöðu til“ eða „hráefni sem er eðlislíkt innlendu hráefni.“

Ennfremur gerir ráðuneytið athugasemd við að frumvarpið hafi ekki hlotið umfjöllun hjá ráðgjafanefnd um opinberar eftirlitsreglur samkvæmt lögum nr. 27/1993 um opinberar eftirlitsreglur enda felur frumvarpið í sér aukið eftirlitshlutverk Neytendastofu með notkun þjóðfánans.

Að mati ráðuneytisins er því mikilvægt að heildstætt sé litið til áhrifa af frumvarpinu, bæði á skilgreiningu og skilning neytenda á hugtakinu íslensk vara og eins til áhrifa eftirlits með notkun þjóðfánans í tengslum við annað eftirliti sem framleiðendur og smásöluaðilar sæta af hálfu

Matvælastofnunar og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Þá má nefna að innanrikisráðuneytið hefur óskað eftir tilnefningum frá ýmsum aðilum, meðal annars atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, í starfshóp um upprunamerkingar á neytendavörum. Hópnun er falið að skoða og meta hversu víðtæk merkingarskylda á neytendavörum eigi að vera, meðal annars út frá sambærilegri löggjöf og stöðu á hinum Norðurlöndunum.

Í ljósi ofangreinds telur ráðuneytið að frumvarpið þarfnist frekari vinnslu og samræmingar m.a. vegna hagsmuna neytenda og í ljósi þeirrar löggjafar sem þegar er til staðar og á að tryggja vitund um uppruna neytendavara.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

  
Kristján Skarphéðinsson

  
Rebekka Hilmarsdóttir